

## STJÓRN SLÖKKVILIÐS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2016, miðvikudaginn 16. september 2016 var haldinn 156. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn á Skarhólabraut 1 og hófst kl. 08.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Ingveldur L. Þórðardóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram fram árs hlutareikning SHS samstæðunnar fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2016. Samþykkt.  
Stjórnin óskar eftir að slökkviliðsstjóri leggi á næsta fundi fram ítarlegar upplýsingar um þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls frá árinu 2011.
2. Fram fer kynning á drögum að fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 13. September 2016, byggt á fjárhagsforsendum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017.
3. Kynning á vinnslu áhættumats og greiningar vegna brunavarnaáætlunar SHS.
4. Lagt fram Endurmat á starfsmati og launaþróun 2010-2016, dags. 7. september 2016.
5. Lögð fram drög að loftslagsstefnu SHS og markmiðum SHS í loftslagsmálum lögð fram til kynningar.
6. Fram fer kynning á forgangsstýrðum umferðarljósum fyrir neyðarumferð.

### Fundi slitið kl. 09.05.

#### Fylgiskjöl:

- Árs hlutareikningur samstæðu SHS 30.6.2016, dags. 16. september 2016.
- Fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 13. september 2016
- Endurmat á starfsmati og launaþróun 2010-2016, dags. 7. september 2016.
- Loftslagsstefna SHS, drög, dags. 16. september 2016.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson  
Ármann Kr. Ólafsson  
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir  
Haraldur Sverrisson